



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 18/2009

Ábúendur að Geirakoti 1 og 2

gegn

Íslandspósti hf.,

staðsetning bréfa kassa í dreifbýli

I.

Erindið

Þann 11. maí 2009, barst Póst- og fjarskiptastofnun kvörtun frá ábúendum að Geirakoti 1 og 2, Árborg, 801 Selfossi. Í erindinu var kvartað yfir ágreiningi sem upp hafi komið við Íslandspóst hf. um staðsetningu bréfa kassa og stöðvunar pósthjónustu. Atvik máls eins og þeim er lýst í kvörtuninni eru þau að starfsmaður Íslandspósts hafi fært bréfa kassa sem staðið hafi á hlaðinu að Geirakoti að vegamótum. Ábúendur hafi síðan fært bréfa kassana aftur heim á hlað, en þann 27. apríl s.l. hafi starfsmaður Íslandspósts fært bréfa kassann aftur út á veg. Kvartandi hafi þá sett sig í samband við Íslandspósts og hafi fyrirtækið borið fyrir sig reglugerð um alþjónustu nr. 364/2003 gjörningnum til réttlættingar.

Eftir að hafa kynnt sér lög um pósthjónustu nr. 19/2002 og áður nefnda reglugerð hafi kvartandi ákveðið að senda Póst- og fjarskiptastofnun kvörtun vegna málsins. Ástæða þess sé einkum sú að ábúendur í Geirakoti 1 og 2 telja að þeir eigi rétt á því að fá póstinn heim á hlað. Hér séu tvö lögbylí með fjölbreyttri starfsemi, rekið sé kúabú og ferðahjónusta með gistingu og bílaútgerð. Afleggjarinn heim að bænum frá rimlahliði að póstkassa sé 98 m samkvæmt mælingum landpóstsins. Teljum við því að það sem segir í 16. gr. reglugerðar nr. 364/2003: „Í dreifbýli skal bréfa kassi vera staðsettur við eða í húsi ef lengd safnvegjar frá tengivegi eða stofnvegi er ekki lengri en 50 metrar.“ eigi við hér þar sem innan við 50 metrar koma í hlut hvors lögbýlis. Einnig er vakin athygli á því að á nokkrum bæjum í sveitarfélaginu er póstur keyrður heim á hlað með eðlilegum hætti meðan ábúendur í Geirakoti séu látnir sæta hægnum reglugerðartúlkunum.

II. Málsmeðferð

Með tölvupósti, dags. 12. maí s.l. var kvörtunin send Íslandspósti til umsagnar og fyrirtækinu gefin kostur á að koma sínum skýringum á framfæri varðandi þær breytingar sem gerðar höfðu verið á staðsetningu bréfaþakassa sem þjónuðu bæjunum Geirakot 1 og 2. Jafnframt var mælt til þess að á meðan mál þetta væri í skoðun hjá stofnuninni yrði útburði komið í fyrra horf.

Umsögn Íslandspósts barst með bréfi, dags. 12. maí s.l. Í umsögninni kemur m.a. fram að á hverju ári þurfi að skipta út gömlum og úr sér gengnum póstkössum á sveitabæjum um allt land. Um það verkefni sjái yfirleitt landpóstar. Fyrirtækið kosti uppsetningu og viðhald á bréfaþakössum og telji eðlilegt að þegar slík vinna sé gerð þá sé jafnframt skoðað hvort að staðsetning sé samkvæmt reglugerð um alþjónustu. Almenna reglan sé sú að íbúar eigi ekki að þurfa að fara lengra en 500 metra að póstkassa. En einnig séu undanþáguákvæði sem heimila lengri vegalengdir við sérstakar aðstæður.

Þá bendir Íslandspóstur á í umsögn sinni að fyrirtækið dreifi pósti til yfir 6000 heimila í sveitum landsins og því sé það mikið hagsmunamál að póstkassar í dreifbýli séu rétt staðsettir og að fyrir því liggi bæði kostnaðarleg og framkvæmdarleg rök.

Fyrirtækið viðhafi samráð við notanda þjónustunnar við val á staðsetningu bréfaþakassa. Jafnframt telur Íslandspóstur að heildarhagsmunir fyrirtækisins hljóti að ráða meira en hagsmunir einstakra íbúa. Íbúar sem setta sig ekki við niðurstöðu Íslandspósts eða samkomulag næst ekki við geti komið á framfæri skriflegri kvörtun til Íslandspóst og/eða til Póst og fjarskiptastofnunar.

Þá vekur Íslandspóstur einnig athygli á því í umsögn sinni að þó að 1 til 2 mínútna aukastopp eða lenging á leið til heimilis virðist í fljótu bragði vera lítið viðvik, þá geti það þýtt allt að 1-2 klst. lengri heildarakstur fyrir landpóst þar sem hann þurfi að koma við á allmörgum heimilum á ferð sinni.

Að því er varðar útskiptingu bréfaþakassa fyrir Geirakot 1 og 2 þá hafi háttað svo til að eldri póstkassinn hafi verið ónýtur. Í því samhengi hafi verið talið eðlilegt að skoða hvort staðsetningin væri skv. reglugerð.

Samkvæmt GPS mælingu þá sé heimreiðin heim að Geirakoti um 150 metrar frá vegamótum og að húsi. Vegalengdin sé því vel innan þeirra 500 metra sem sé meginreglan um hámarks vegalengd að póstkassa. Íslandspóstur telji sig því vera í fullum rétti að færa póstkassann þar sem komið var að útskiptingu og að sú staðsetning sem valin hafi verið hafi ekki verið í ósamræmi við þá staðsetningu bréfaþakassa á nærliggjandi bæjum.

Um samráð við íbúa að Geirakoti kemur eftirfarandi fram í umsögn fyrirtækisins að því hafi verið hagað með þeim hætti að landpóstur hafi haft samband við ábúendur sem ekki hafi gert athugasemdir við nýja staðsetningu við heimreið. Þann 28. apríl hafi ábúendur hins vegar haft samband og spurt um þær vinnureglur sem væru notaðar og hafi þeim verið bent á reglugerð nr. 364/2003 um alþjónustu á heimasíðu Póst- og fjarskiptastofnunar. Íslandspóstur telur því að samráð hafi verið viðhaft en augljóst sé að ekki hafi náðst samkomulag.

Í niðurlagi umsagnar Íslandspóstar fellst fyrirtækið á óskir ábúenda um að pósti verði dreift í póstkassann sem staðsettur er á milli húsa á meðan málin eru í skoðun hjá Póst- og fjarskiptastofnun.

Kvartanda var gefin kostur á að koma með athugasemdir við sjónarmið Íslandspósts og bárust þau með bréfi, dags. 23. október s.l. Í athugasemdunum kemur m.a. fram að það sé ekki rétt að eldri bréfaþakassi hafi verið ónýtur þegar ferlið hófst heldur hafi hann laskast þegar hann fauk út fyrir veg þar sem hann hafði verið staðsettur á vegabrún heimreiðar. Þá mótmælir kvartandi þeirri fullyrðingu að staðsetning póstkassa sé í engu ósamræmi við aðra nærliggjandi bæi og telur að bréfaþakassar hafi einungis verið færðir á þremur bæjum í sveitinni. Telur kvartandi að mjög óeðlilegt sé að breytingar á þjónustu séu framkvæmdar með þessum hætti en ekki á svæðisvísu og vegalengdir mældar að nýju. Þá er bent á að GPS mæling sýni að heimreiðin sé 128 metrar. Að lokum kemur fram í athugasemdunum að kvartandi hafi ítrekað reynt að fá lausn á málinu við Íslandspósts bæði með samtölum við forsvarsmenn fyrirtækisins sem og með bréfaskriftum.

III.

Niðurstaða

Eins og fram kemur í erindi kvartanda sem og svari Íslandspósts er dreifingu pósts nú hagað með sama hætti og áður, þ.e. í bréfaþakassa sem staðsettur er á milli Geirakots 1 og 2. Útfærslan á þjónustu Íslandspósts hefur því verið með sama hætti og hún var áður en ágreiningur aðila um nýja staðsetningu bréfaþakassans kom upp á yfirborðið.

Heimild kvartanda til að bera ágreiningsefnið undir Póst- og fjarskiptastofnun byggir á 10. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003. Samkvæmt ákvæðinu geta neytendur eða aðrir sem hagsmuna hafa að gæta, beint kvörtun til Póst- og fjarskiptastofnunar, ef þeir telja að fjarskipta-fyrirtæki eða póstreikandi brjóti gegn skyldum sínum samkvæmt lögum um fjarskipti eða lögum um pósthjónustu, eða gegn skilyrðum sem mælt er fyrir um í almennum heimildum, réttindum eða í rekstrarleyfi. Póst- og fjarskiptastofnun er skylt að leita álits viðkomandi fyrirtækis á kvörtuninni og skal jafnframt freista þess að jafna ágreining aðila.

Hvað varðar þær athugasemdir kvartanda sem lúta að því að óeðlilegt sé að breytingar á þjónustu séu framkvæmdar með þeim hætti sem gert var, en ekki t.d. á svæðisvísu og vegalengdir mældar að nýju þá telur PFS að ekki sé óeðlilegt að Íslandspóstur noti tækifærið við útskiptingu bréfaþakassa og endurskoði staðsetningu þeirra, í samráði við notendur, með hliðsjón af þeim reglum sem settar hafa verið af þar til bærum stjórnvöldum. Hugsanlegt er að það geti í sumum tilvikum valdið því að einstakir notendur, sem búa við sambærilegar aðstæður, fái tímabundið ekki sömu þjónustu ef litið er til þeirrar vegalengdar sem viðkomandi þurfa að fara til að nálgast póstsendingar sem afhendar eru í bréfaþakassa. Í flestum tilvikum ætti þó að vera um tímabundið ástand að ræða. Varðandi staðsetningu bréfaþakassa er jafnræði notenda pósthjónustu, þ.m.t. á einstökum svæðum, fyrst og fremst tryggt með því að fylgt sé reglugerð um alþjónustu nr. 364/2003 en um 6000 móttakendur pósts í dreifbýli hér á landi fá afhendan póst í bréfaþakassa, sem í flestum tilvikum eru staðsettir nokkuð frá þeim íbúðarhúsum sem viðkomandi býr í, allt eftir aðstæðum á hverjum stað. Í 16. gr. reglugerðarinnar er að finna eftirfarandi ákvæði sem taka ber mið af þegar staðsetning bréfaþakassa er ákveðin í hverju tilviki fyrir sig:

„Hús í merkingu þessarar greinar tekur til íbúðarhúsnæðis og atvinnuhúsnæðis. Skilgreiningar vegalaga á þjóðvegum gilda eftir því sem við á. Við val á staðsetningu bréfaþakassa skal eftirfarandi lagt til grundvallar:

Þéttbýli.

Í þéttbýli skal bréfastassi vera staðsettur við eða í húsi.

Þéttbýli er þegar að lágmarki 50 íbúar búa á svæði, þar sem almennt er ekki meira en 50 metra fjarlægð á milli húsa.

Dreifibýli.

Í dreifibýli skal bréfastassi vera staðsettur við eða í húsi ef lengd safnvegur frá tengivegi eða stofnvegi er ekki lengri en 50 metrar.

Ef vegur er allt að 500 metrar skal bréfastassinn vera staðsettur við vegamót safnvega við tengiveg eða stofnveg. Að jafnaði skal bréfastassi ekki vera staðsettur fjær en 500 metra frá húsi.

Við eftirfarandi aðstæður er heimilt að víkja frá ofangreindu varðandi staðsetningu bréfastassa.

1. Ef tvö eða færri húsa eru að meðaltali á hverja 2000 metra safnvegur eða tengivegar.

2. Ef ekkert vegasamband er við húsið.

3. Þegar viðkomandi húsi er staðsett langt utan við almenna byggð.

Þrátt fyrir ofangreint skal að jafnaði fara heim að húsi, þegar afhenda skal skráðar sendingar.”

Póst- og fjarskiptastofnun hefur tekið tvær réttarskýrandi ákvarðanir þar sem tilvitnað ákvæði reglugerðarinnar hefur verið skýrt, sjá ákvarðanir stofnunarinnar nr. 4/2009 og 6/2009.

Almenna reglan sem ofangreint ákvæði reglugerðarinnar miðar við er að bréfastassi skuli staðsettur við eða í húsi ef lengd safnvegur frá tengivegi eða stofnvegi er 50 metrar eða minna. Upplýst er í málinu af hálfu Íslandspósts að um 150 metrar séu frá Geirakoti að vegamótunum við Votmúlaveg. Í athugasemdum kvartanda, dags. 23. október s.l. kemur fram að heimreiðin heim að bænum sé 128 metrar samkvæmt GPS mælingu sem gerð hafi verið. Samkvæmt þessum mælingum hefur það ekki áhrif á réttarstöðuna hvor mælingin er lögð til grundvallar þar sem báðar eru vel innan þeirra 500 metra marka sem reglugerðin kveður á um að sé að jafnaði hámarksvegalengd frá húsi og að bréfastassa. Þá eru þær einnig nokkuð yfir hinni 50 metra lágmarksreglu sem kveður á um að bréfastassi skuli vera staðsettur við eða í húsi ef lengd safnvegur frá tengivegi eða stofnvegi er ekki lengri en 50 metrar.

Í erindi kvartanda er m.a. vikið að því að heimreiðin frá ristahliði og að núverandi staðsetningu bréfastassa sé 98 metrar. Af því leiði að bréfastassarnir eigi að vera við húsin fyrir Geirakot 1 og 2 þar sem 50 metrar komi í hlut hvors lögbýlis. Að mati Póst- og fjarskiptastofnunar gefur 50 metra reglan sem og 500 metra reglan sem gildir um staðsetningu bréfastassa í dreifibýli ekki heimild til þess að beita hlutfallsreglum við ákvarðanir um staðsetningu bréfastassa. Þetta þýðir að staðsetningin er óháð fjölda íbúða á hverjum stað svo framarlega sem fjarlægð frá íbúðarhúsi að bréfastassa fari ekki yfir 50 og eftir atvikum 500 metra að jafnaði. Hins vegar er sérstaklega tekið fram að heimilt sé að líta til hlutfallsreglna við beitingu á undantekningarreglu 1. töluliðar, sbr. orðalagið „*að meðaltali*“, sem kemur til skoðunar ef safnvegur (heimreið) eða tengivegur er lengri en 500 metrar, en það á ekki við í þessu tilviki, sjá nánar ákvörðun PFS nr. 4/2009, einkum bls. 11-12. Af þessu má draga þá ályktun að ekki sé heimilt að beita slíkum aðferðum varðandi meginregluna um staðsetningu bréfastassa, þ.e. að hún fari ekki yfir 50 og eftir atvikum 500 metra fjarlægð frá íbúðarhúsi að jafnaði.

Eins og fram kemur hér að ofan er lengd heimreiðar fyrir Geirakot 1 og 2 frá vegamótum (Votmúlavegur) á bilinu 128 metrar til 150 metrar eftir því hvor mælingin er lögð til grundvallar. Einnig liggur fyrir að vegalengd frá ristahliði og að bréfastassa er 98 metrar. Allar þessar mælingar eru lengri en 50 metra viðmiðunarmörkin sem ákvaða staðsetningu við eða í húsi ef lengd vegar er minna en 50 metrar. Samkvæmt því þá ákvarðast staðsetning bréfastassa sem þjóna á íbúum Geirakots 1 og 2, af þeirri reglu sem kveður á um 500 metra fjarlægðarmörk en samkvæmt henni skal bréfastassi vera staðsettur við vegamót ef vegur heim að húsi er allt að 500 metrar. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en sú aðstaða sé uppi í þessu máli.

Samkvæmt því hefur Íslandspóstur heimild á grundvelli 16. gr. reglugerðar um alþjónustu nr. 364/2003 til að staðsetja bréfkassana við vegamót heim að íbúðarhúsunum að Geirakoti 1 og Geirakoti 2.

Ákvörðunarorð

Staðsetning bréfkassa fyrir Geirakot 1 og 2 við vegamót að Votmúlavegi nr. 310 er í samræmi við þær meginreglur sem fram koma í 16. gr. reglugerðar um alþjónustu og framkvæmd pósthjónustu nr. 364/2003.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Reykjavík, 28. október 2009

Hrafnkell V. Gíslason

Friðrik Pétursson